

1. tbl. 25. árgangur • Janúar 2014

# Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum





## Forsíðumynd

Forsíðumyndin er af formanni Völsungs, Guðrúnu Kristinsdóttur, sem kom með vaska sveit frá Völsungi um jólin til að rífa gólfefnin af Skrifstofu stéttarfélaganna svo hægt verði að setja nýtt gólfefni strax eftir áramótin.

## Hækkanir ríkis og sveitarfélaga

Nú um áramót hafa fjölmargir opinberir aðilar (ríki og sveitarfélög) hækkað gjaldskrár sínar. Rarik (Ríkið) hefur ákveðið að hækka dreifingu á rafmagni í dreifbýli um 4,5%. Ríkið hækkar vörugjald á bensín og díselolíu um 3%. Einnig mun ríkið hækka útvarpsgjald, vegabréf, sóknargjöld og innritunargjald í háskóla hækka um 25%, úr kr. 60.000 í kr. 75.000.

Sveitarfélögin á félagssvæði stéttarfélaganna hafa gefið misskýr svör við fyrirspurnum um gjaldskrárhækkanir. Af einhverjum ástæðum telja þau ekki þörf á því að upplýsa íbúa sína um gjaldskrárbreytingar með skýrum hætti. Þegar þetta er skrifað hefur engu þeirra t.d. dottið í hug að nýta ágætar heimasíður sínar í þessum tilgangi. Þó er vitað að sveitarstjórn Pingeyjarsveitar hefur ákveðið að taka alvarlega tilmæli um hóflegar hækkanir og ákveðið að hækka ekki gjaldskrá leikskóla. Einstaka liðir aðrir hækka þó um ca. 3%. Hjá Skútustaðahreppi hækka gjaldskrár almennt um 5%, þ.m.t. leikskólajöld. Tjörneshreppur ætlar ekki að hækka sínar gjaldskrár. Þá hafa ekki fengist endanlegar upplýsingar frá Norðurþingi um breytingar á gjaldskrá milli ára. Í tölvupósti til stéttarfélaganna kom fram að við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2014 væri ekki gert ráð fyrir raunhækkun gjalda á veigamestu tekjustofnun sveitarfélagsins en endanleg ákvörðun yrði tekin fyrir á fundi bæjarstjórnar í desember. Stéttarfélögin hafa ekki undir höndum upplýsingar um endanlega niðurstöðu í hækkunum hjá sveitarfélaginu, það er eftir ákvörðun bæjarstjórnarfundarins í desember.

## Guðrún Helga sigræði í jólagetrauninni



Fyrir jólin bitist mynd af höfðingja einum á heimasíðu stéttarfélaganna. Spurt var, hver er maðurinn? Hann reyndist vera Jónas Aðalsteinn Sævarsson sem er ættaður frá Vopnafirði. Fjölmargir tóku þátt og sendu inn svör. Guðrún Helga Hermannsdóttir á Húsavík sigræði. Hún fékk að gjöf hangikjöt frá Fjallalambi og viku dvöl í orlofsíbúð Framsýnar í Kópavogi. Hafliði Jósteinsson og Ásrún Árnadóttir voru einnig dregin út og fengu þau konfektakassa að gjöf en þau búa sömuleiðis á Húsavík. Við þökkum öllum þeim sem tóku þátt í þessum jólaleik fyrir þátttökuna.

## Yfirlýsing frá VP

Verkalýðsfélag Þórshafnar stendur heilshugar við bakið á þeim fimm stéttarfélögum innan Starfsgreinasambands Íslands sem skrifuðu ekki undir kjarasamning aðila vinnumarkaðarins. Að mati félagsins er nýgerður kjarasamningur ekki boðlegur verkafólki á lágmarkslaunum. Bæði hvað varðar launahækkanir og eins eru það mikil vonbrigði að stjórnvöld skyldu ekki sjá ástæðu til að lækka skatta á lágtekjufólki í stað þess nota svigrúmið til skattalækkana fyrir þá tekjuhærri.

ÚTGEFENDUR: Þinglön, félag iðnaðarmanna, Starfsmannafélag Húsavíkur, Framsýn- stéttarfélag, Verkalýðsfélag Þórshafnar. Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík • Sími 464 6600 • Fax 464 6601 • e-mail: kuti@framsyn.is • Heimasíða: www.framsyn.is • **ÁBYRGÐARMADUR:** Aðalsteinn Á Baldursson  
Fréttabréfið er skrifað 6. janúar 2014 og gefið út í 2000 eintökum.  
**HÖNNUN:** Skarpur, Húsavík. **PRENTUN:** Ásprent, Akureyri.

## Ályktað á aðalfundi sjómanna

Aðalfundur Sjómannaeyldar Framsýnar var haldinn 30. desember. Skýrsla stjórnarinnar er aðgengileg á heimasíðu stéttarfélaganna [www.framsyn.is](http://www.framsyn.is). Fundurinn var að venju líflægur og málefnalegur. Fundurinn samþykkti að álykta um kjaramál og afnám sjómannaafsláttarins svo og að fela Sjómannasambandinu að ganga frá kjarasamningi fyrir smábátasjómenn innan félagsins. Sá kjarasamningur er laus í lok janúar 2014. Þess má geta að eftirtaldir voru kjörnir í stjórn deildarinnar:

Jakob Gunnar Hjaltalín formaður  
Stefán Hallgrímsson varaformaður  
Kristján Þorvarðarson ritari  
Haukur Hauksson meðstjórnandi  
Björn Viðar meðstjórnandi

## Ályktanir aðalfundar Sjómannaeyldar Framsýnar 30. des. 2013:

### Ályktun

#### Um kjaramál sjómanna

Aðalfundur Sjómannaeyldar Framsýnar skorar á sjómannasamtökin og LÍU að leita allra leiða til að ganga frá kjarasamningi fyrir sjómenn á fiskiskipum sem byggja á framlögðum tillögum Sjómannasambands Íslands. Sjómenn hafa nú verið kjarasamningslausir frá árslokum 2010 sem er ólíðandi með öllu. Þá fagnar fundurinn þeim mikilvæga árangri sem náðist á árinu þegar Sjómannaeyld Framsýnar gekk frá kjarasamningi fyrir áhafnir hvalaskoðunarbáta á Húsavík fyrst allra stéttarféлага á Íslandi. Ljóst er að samningurinn bætir réttarstöðu þessara starfsmanna verulega.

### Ályktun

#### Um afnám sjómannaafsláttarins

Aðalfundur Sjómannaeyldar Framsýnar ítrekar enn og aftur mótmæli sín varðandi aðför stjórnvalda að sjómönnum með afnámi sjómannaafsláttarins. Það er á ábyrgð stjórnvalda að kjör sjómanna skerðist ekki þó ákvörðun sé tekin um það á hinum pólitíska vettvangi að kostnaður af sjómannaafslættinum sé færður frá ríki til útgerðanna. Sjómannaeyld Framsýnar krefst þess að stjórnvöld dragi skerðinguna nú þegar til baka sem að fullu á að koma til framkvæma um þessi áramót.



Par sem fundarsalur stéttarfélaganna er upptekinn vegna lagfæringa á Skrifstofu stéttarfélaganna var aðalfundur sjómanna haldinn í húsnæði sem stéttarfélögin keyptu á síðasta ári að Garðarsbraut 26, á hæðinni fyrir ofan núverandi Skrifstofu stéttarfélaganna.



Heilbrigðisstofnun Pingeyinga hefur á að skipa frábæru starfsfólki. Hér eru tveir sjúkraflytningamenn að bera saman bækur sínar. Að sjálfsögðu vildu þeir ekki upplýsa ljósmyndara Fréttabréfsins frekar um það þegar hann smelti þessari mynd af þeim félögum á HP en þeir voru leyndardómsfullir á svipinn.

# Gleði í hjarta í jólakaffi stéttarfélaganna

Um þrjúhundruð manns komu í jólakaffi stéttarfélaganna í fallegu vetrarveðri á aðventunni. Boðið var upp á rjúkandi kaffi, tertur frá Heimabakaríi og mögnuð tónlistaratriði frá Tónlistarskóla Húsavíkur. Þá kom jólasveinninn í heimsókn sem vakti mikla gleði hjá ungu kynslóðinni og reyndar hjá þeim eldri líka. Stéttarfélagin vilja nota tækifærið og þakka öllum þeim sem komu við og þáðu veitingar í boði félaganna fyrir komuna. Sjá myndir frá stemningunni:



## Hafið miklar þakkir fyrir

Rétt fyrir jólin voru nokkrir starfsmenn Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga kvaddir með viðhöfn þar sem þeir voru að láta af störfum. Starfsmennirnir eiga það sameiginlegt að hafa starfað lengi hjá stofnuninni eða í nokkra ártugi. Þeir eiga það einnig sameiginlegt að vera afbrigðis starfsmenn enda fengu þeir fallegar gjafir í móttöku sem var haldin þeim til heiðurs. Þær eru: Guðrún Aðalsteinsdóttir, Emília Guðrún Svavarsdóttir, Guðrún Sigtryggsdóttir, Vera Kjartansdóttir, Hallfríður Egilsdóttir og Nanna Fornadóttir.



Magnaðar konur sem skilað hafa góðu starfi fyrir Heilbrigðisstofnun Þingeyinga í gegnum áratugin.

## Svona gerum við þegar við pöntum okkur flug

Þegar félagsmenn stéttarfélaganna hafa ákveðið að ferðast flugleiðis milli Húsavíkur og Reykjavíkur byrja þeir á því að hafa samband við Flugfélagið Erni í síma 562-2640 eða með því að senda tölvupóst á netfangið bokanir@ernir.is. Hjá flugfélaginu Erni ganga þér frá pöntun á flugfarinu um leið og þeir gefa upp að þeir greiði með flugmiða frá stéttarfélagunum á Húsavík. Því næst setja félagsmenn sig í samband við Skrifstofu stéttarfélaganna og kaupa sér flugmiða sem kostar kr. 7.500 sem þeir afhenda svo þegar þeir innrita sig í flugið á Húsavík eða í Reykjavík. Þeir sem búa utan Húsavíkur geta fengið flugmiðana senda til sín í pósti hvert á land sem er.



Mjög mikil ánægja er með samning stéttarfélaganna við Flugfélagið Erni sem tryggir félagsmönnum verulega góð kjör á flugmiðum.

## Félagar í Þingið athugið



Félagsmenn sem komust ekki á kynningarfundinn síðasta fimmtudag geta nálgast kynningarefni á Skrifstofu stéttarfélaganna. Þá hefur einnig verið opnaður kjörstaður á Skrifstofu stéttarfélaganna. Félagsmenn geta kosið til 20. janúar.

**Stjórn Þingiðnar**

# Kæru félagar



Þann 21. desember 2013 var skrifað undir nýja kjarasamninga sem eiga að gilda í eitt ár verði þeir samþykktir í atkvæðagreiðslu sem nú stendur yfir. Miðað er við að kjarasamningurinn gildi frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2014.

Samningsumboð Framsýnar voru hjá Landssambandi íslenskra verslunarmanna vegna skrifstofu og verslunarfólks innan Framsýnar og hjá Starfsgreinasambandi Íslands vegna almennra félagsmanna á vinnumarkaði. Framsýn mótaði kröfugerðir fyrir sína félagsmenn sem komið var á framfæri við Landssamböndin tvö SGS og LÍV. Mikil vinna fór í gang hjá samböndunum við að móta sameiginlega kröfugerð fyrir þau stéttarfélag sem veitt höfðu samböndunum samningsumboð.

Starfsgreinasamband Íslands lagði fram metnaðarfulla kröfugerð sem Samtök atvinnulífsins höfnuðu að mestu. Kröfugerð Starfsgreinasambandsins miðaðist við að lægstu taxtar verkafólks hækkuðu um kr. 20.000 á mánuði og skattkerfisbreytingar sem voru í farvatninu hjá ríkistjórninni miðuðust við að hækka persónuafsláttinn hjá þeim lægst launuðu til jafns við aðra.

Því miður brást samstaðan innan Starfsgreinasambandsins þar sem formenn níu félaga voru tilbúnir að gefa eftir upphaflegu kröfuna og samþykkja mun lægri hækkan til sinna félagsmanna eða kr. 8.000 + launaflokkahækkan upp á kr. 1.565 á mánuði. Þá voru þeir einnig tilbúnir að samþykkja með sinni undirskrift að skattlækkanir ríkistjórnarinnar næðu ekki til þeirra lægst launuðu, það er þeirra sem hafa tekjur innan við kr. 250.000 á mánuði. Þess ber að geta að taxtar Starfsgreinasambandsins eru allir á þessu bili, það er frá 192 þúsundum upp í 230 þúsund.

Þegar ég varð var við brestina hvatti ég menn til að standa saman, þannig væri hægt að ná betri árangri fyrir verkafólk. Eitt félag hefði ekki stöðu eða

burði til þess, það væri fyrirfram töpuð barátta. Því miður var undanhaldið slíkt að ég reikna ekki með að þeir hafi hlustað á þessi orð mín.

Ég skal viðurkenna að mér var stórlega misboðið fyrir hönd þess fólks sem ég starfa fyrir og skrifaði því ekki undir kjarasamninginn frekar en fjórir aðrir formenn. Aðrir tveir formenn tóku ekki þátt í viðræðunum og skrifuðu því ekki undir samninginn. Það var því naumur meirihluti félaga sem skrifaði undir samninginn.

Mér hefur einnig misboðið málflutningur forseta ASÍ og reyndar Samtaka atvinnulífsins líka sem hamra á því að um sé að ræða samning sem færir þeim lægst launuðu hækkanir umfram þá tekjuhæri. Þvílíkt rugl. Tökum dæmi:

- Verkamaður getur, verði samningurinn samþykktur, keypt sér 79 lítra af mjólk fyrir hækkanina sem hann fékk sem gerir tæplega kr. 10.000 á mánuði. Fyrir var þessi einstaklingur með kr. 192.000 í mánaðarlaun.
- Forseti ASÍ og hans líkir með um 1,2 milljónir í mánaðarlaun hækka um kr. 33.600 á mánuði og geta keypt um 267 lítra af mjólk fyrir hækkanina.
- Miðlungs launakjör stjórnarmanna í Samtökum atvinnulífsins eru um 3 milljónir á mánuði. Hækkanin færir þeim um kr. 84.000 á mánuði sem gerir þeim kleift að kaupa sér 667 lítra af mjólk.

Síðan stiga þessir menn fram kinnroðalaust og telja fólk trú um að um sérstaka láglaunaaðgerð sé að ræða. Nei takk. Þá má geta þess að þeir fá sérstaka skattalækkan í desert frá stjórnvöldum á meðan verkafólk með launakjör innan við 250.000 á mánuði fær ekki neitt.

Framsýn hefur ákveðið að ráðast í fundaherferð þar sem kjarasamningarnir verða kynntir félagsmönnum. Ég vil skora á félagsmenn að mæta á fundina og nýta sér atkvæðisréttinn og koma þannig afstöðu sinni á framfæri.

Ég hef ekki og mun ekki hvetja félagsmenn Framsýnar til að fella samninginn eða samþykkja hann þar sem ég treysti félagsmönnum til þess að meta stöðuna sjálfir út frá þeirra eigin hagsmunum. Verði kjarasamningurinn samþykktur tekur hann gildi frá og með 1. janúar 2014. Verði hann hins vegar felldur munu fulltrúar Framsýnar halda áfram viðræðum við Samtök atvinnulífsins með það að markmiði að ná betri árangri en náðist í þessum kjarasamningum sem undirritaðir voru í svartasta skammdeginu sem skýrir hugsanlega af hverju ekki tókst betur til.

*Með áramótakveðju  
Aðalsteinn Á. Baldursson*

## Kynning og afgreiðsla á nýgerðum kjarasamningum

**Framsýn hefur ákveðið að boða til sjö félagsfunda um nýgerða kjarasamninga sem voru undirritaðir 21. desember 2013. Þar af er einn fundurinn ætlaður pólsku- og enskumælandi fólki.**

**Fundirnir verða haldnir á eftirtöldum stöðum:**

**Húsavík:**

**13. janúar: Kynning á kjarasamningi verslunar- og skrifstofufólks**  
Kynning á kjarasamningi LÍV og Samtaka atvinnulífsins sem Framsýn á aðild að verður haldinn að Garðarsbraut 26, efri hæð mánudaginn 13. janúar kl. 20:00.

**Húsavík: Uwaga!**

**14. janúar: Kynning á almenna kjarasamningnum fyrir pólskumælandi félagsmenn**

Związek zawodowe Framsýn ,zapraszaja na zebranie zwiazane z zapoznaniem sie z "kjarasamning" (nowym kontraktem, mowiacym miedzy innymi o podwyzkach stawek godzinnych ,dodatkow wakacyjnych i swiatecznych),ktory dotyczy pracownikow podlegajacych zwiazkom Framsýn.Zebranie odbędzie sie we wtorek 14 stycznia o godz.17:00 w budynku zwiazkow (przy ulicy Garðarsbraut 26).Po zebraniu będzie mozliwosc glosowania"za" lub "przeciw".Osoby,ktore nie stawia sie na zebraniu,maja mozliwosc glosowania do dnia 20 stycznia w siedzibie zwiazkow.Waznym jest,aby polscy pracownicy stawili sie na zebraniu i zapoznali sie z owym kontraktem.Przy spotkaniu obecny będzie tłumacz.

**Húsavík: Attention!**

**14. janúar: Kynning á almenna kjarasamningnum fyrir enskumælandi félagsmenn**

Framsýn will present the recent agreement that applies to members of Framsýn. The presentation will be on Tuesday January 14th at 17:00 at the Húsavík Labour Union office at Garðarsbraut 26. After the presentation, those attending can vote on the agreement. Members of Framsýn will also be able to vote on the collective agreement at the Labour Union office till the 20th of January if they will not be able to attend the presentation. It is important for English-speaking workers to attend and learn about the agreement. There will be an interpreter at the presentation for assistance.

**Húsavík:**

**14. janúar: Kynning á almenna kjarasamningnum SGS og Samtaka atvinnulífsins.**

Kynning á kjarasamningi SGS og Samtaka atvinnulífsins sem Framsýn á aðild að verður haldinn að Garðarsbraut 26/efri hæð þriðjudaginn 14. janúar kl. 20:00. Eftir þessum kjarasamningi starfa flestir félagsmenn Framsýnar s.s. fiskvinnslufólk, bílstjórar, starfsfólk við fiskeldi, ræstingar, kjötvinnslu, bensínafgreiðslu og ferðaþjónustu.

**Raufarhöfn:**

**15 janúar: Kynning á almenna kjarasamningnum SGS og Samtaka atvinnulífsins.**

Kynning á kjarasamningi SGS og Samtaka atvinnulífsins sem Framsýn á aðild að verður haldinn á kaffihúsinu Ljósvangi á Raufarhöfn miðvikudaginn 15. janúar kl. 17:00. Einnig verður gerð grein fyrir kjarasamningi LÍV og Samtaka atvinnulífsins vegna skrifstofu- og verslunarfólks.

#### Öxarfjörður:

#### 15 janúar: Kynning á almenna kjarasamningnum SGS og Samtaka atvinnulífsins.

Kynning á kjarasamningi SGS og Samtaka atvinnulífsins sem Framsýn á aðild að verður haldinn í Öxarfjarðarskóla í Lundi miðvikudaginn 15. janúar kl. 20:00. Einnig verður gerð grein fyrir kjarasamningi LÍV og Samtaka atvinnulífsins vegna skrifstofu- og verslunarfólks.

#### Skútustaðahreppur:

#### 16 janúar: Kynning á almenna kjarasamningnum SGS og Samtaka atvinnulífsins.

Kynning á kjarasamningi SGS og Samtaka atvinnulífsins sem Framsýn á aðild að verður haldinn á Sel-hótel Mývatni fimmtudaginn 16. janúar kl. 17:00. Einnig verður gerð grein fyrir kjarasamningi LÍV og Samtaka atvinnulífsins vegna skrifstofu- og verslunarfólks.

#### Pingeyjarsveit:

#### 16 janúar: Kynning á almenna kjarasamningnum SGS og Samtaka atvinnulífsins.

Kynning á kjarasamningi SGS og Samtaka atvinnulífsins sem Framsýn á aðild að verður haldinn í Félagsheimilinu Breiðumýri fimmtudaginn 16. janúar kl. 20:00. Einnig verður gerð grein fyrir kjarasamningi LÍV og Samtaka atvinnulífsins vegna skrifstofu- og verslunarfólks.

#### Starfsmenn ríkis og sveitarfélaga athugið

Félagsmenn Framsýnar sem starfa hjá ríki eða sveitarfélögum eru ekki aðilar að þessum kjarasamningnum sem nú eru til kynningar og afgreiðslu og hafa því ekki kjörgengi.

Framsýn- stéttarfélag

## Tökum þátt í atkvæðagreiðslunni

Kjörstjórn Framsýnar vill hvetja félagsmenn til að kynna sér vel nýgerða kjarasamninga og taka þátt í atkvæðagreiðslu um kjarasamningana sem undirritaður var 21. desember 2013. Þitt atkvæði skiptir máli.

## Kjarasamningar 2013

Þann 21. desember sl. var skrifað undir nýjan kjarasamning á milli Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins en 16 aðildarfélag Starfsgreinasambandsins höfðu veitt sambandinu umboð. Þrjú félag innan sambandsins sömdu sérstaklega en það er Flóabandalagið svokallaða (Efling á höfuðborgarsvæðinu, Hlíf í Hafnarfirði og VSFK í Reykjanesbæ).

Meirihluti félaganna innan Starfsgreinasambandsins undirrituðu samningana og vildu með því leggja þá í dóm félaga sinna. Nokkur félag innan sambandsins kusu að undirrita ekki samningana, þar á meðal Framsýn. Þrátt fyrir það munu allir félagar þessara aðildarfélaga sambandsins fá tækifæri til að greiða atkvæði um samningana sem gilda frá áramótum nema þeir verði felldir í atkvæðagreiðslu.

Samningurinn gildir í eitt ár og fylgir honum ásetningur um að halda verðbólgu í skefjum. Allir sem eru á taxtalaunum fá hækkun frá 9.560 upp í 10.100. Þeir sem eru ekki á taxa fá að lágmarki 8.000 kr. eða 2.80% hækkun. Bónus, premíur og ákvæðisvinnukerfi hækka um 2,80%.

Í samningnum felst að Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á að koma í veg fyrir hækkun vöruverðs hjá aðildarfyrirtækjum sambandsins. Ríki og flest sveitarfélög stilla hækkunum á þjónustugjöldum í hof og skattalækkanir munu koma millitekjuhópum og hátekjufólki til góða.

Umfram kauphækkunir var samið um bakvaktir fólks í ferðaþjónustu, ákvæði um vinnufatnað var styrkt og staðfest aukið framlag atvinnurekenda í fræðslusjóði.

## Heimsækjum vinnustaði með kynningar

Forsvarsmenn Framsýnar eru tilbúnir að koma á vinnustaði og kynna kjarasamninginn verði eftir því leitað. Vinsamlegast hafið samband við formann félagsins, Aðalsteinn Á. Baldursson.

## Helstu atriði í kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands/Landssambands íslenskra verslunarmanna og Samtaka atvinnulífsins frá 21. desember 2013:

### Aðalatriði samningsins:

Samningurinn sem var undirritaður rétt fyrir jóla er svokallaður aðfarasamningur. Það þýðir að auk launabreytinga gefur samningurinn aðilum 12 mánuði til að undirbúa gerð langtímasamnings sem á að tryggja stöðugleika í íslensku efnahagslífi og kaupmáttaraukningu til framtíðar. Vinna við undirbúning slíks langtímasamnings hefst strax í byrjun ársins. Með samningnum er tekin upp sú nýbreytni að gengið er frá sérstakri viðræðuáætlun sem unnið verður eftir með tímasettum markmiðum um framvindu viðræðna.

Nýi kjarasamningurinn gildir frá 1. janúar til 31. desember 2014 en félagar í Framsýn hafa tækifæri til að greiða um hann atkvæði til 21. janúar 2014 á Skrifstofu félagsins og á þeim félagsfundum sem haldnir verða víða um héraðið.

### Launabreytingar

#### Almenn hækkun

1. janúar 2014 skulu laun og kauptaxtar hækka um 2,8%, þó að lágmarki kr. 8.000 á mánuði fyrir dagvinnu miðað við fullt starf. Aðrir kjaratengdir liðir hækka um 2,8% á sama tíma.

#### Sérstök hækkun kauptaxta kr. 230.000 og lægri

Kauptaxtar undir 230.000 kr. á mánuði hækka sérstaklega um jafnvirði eins launaflokks. Launaflokkur 1, byrjunarlaun, hækkar um kr. 9.565 og launaflokkur 17, eftir sjö ár, hækkar um kr. 10.107

#### Lágmarkstekjur fyrir fullt starf

Frá 1. janúar 2014 verður lágmarkstekjutrygging kr. 214.000 á mánuði fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfelld hjá sama fyrirtæki.

Orlofsuppbót miðað við fullt starf á árinu 2014 verður kr. 29.500. (verslunarmenn kr. 22.200)

Desemberuppbót miðað við fullt starf á árinu 2014 verður kr. 53.600. (verslunarmenn kr. 60.900)

Þetta eru helstu atriði samningsins. Félagsmenn eru velkomnir á skrifstofu félagsins. Þar geta þeir fengið kjarasamninginn, fylgigögn og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem fylgir kjarasamningnum. Þeir sem búa utan Húsavíkur geta fengið kjörgögnin send til sín í pósti eða á netpóst viðkomandi.

## Atkvæðagreiðsla er hafin

Atkvæðagreiðsla um þá kjarasamninga sem gengið var frá 21. desember er nú hafin. Um er að ræða atkvæðagreiðslu um kjarasamning Landssambands íslenskra verslunarmanna og Samtaka atvinnulífsins annars vegar og kjarasamning Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins hins vegar. Hægt verður að kjósa á Skrifstofu stéttarfélaganna til 21. janúar 2014. Kjörstað verður lokað þann dag kl. 16:00. Þá er rétt að taka fram að einnig verður hægt að kjósa á kynningarfundunum um kjarasamninginn.

## Kjörstjórn Framsýnar

Þessir aðilar skipa kjörstjórn Framsýnar og er þeim ætlað að fylgjast með framkvæmd kosninganna um þá kjarasamninga sem greidd verða atkvæði um á næstu vikum.

Ágúst Óskarsson formaður, Svala Björgvinsdóttir, Þórður Adamsson

### Fundir hjá Framsýn, gengið inn hér



Hér er gengið inn á efri hæðina að Garðarsbraut 26 þar sem kynningarfundirnir fara fram.

## Allt á fullu í framkvæmdum



Þessa dagana er unnið að lagfæringum á skrifstofu húsnæðis stéttarfélaganna. Trésmiðjan Val sér um framkvæmdirnar sem þurfti að ráðast í vegna vatnstjóns sem varð á Mæru-dögum sumarið 2012 en þá flæddi vatn úr uppbyggðri vegg sem bilaði með þeim afleiðingum að laga þarf vegg og gólfefni. Áætlað er að verkinu ljúki um miðjan janúar.

Það var ekki auðvelt verk að ná gólfdukkum af Skrifstofu stéttarfélaganna en vaskir menn frá Íþróttafélaginu Völsungi tóku það að sér í samstarfi við verktakann.



Smíðir, píparar, málarar og verkamenn hafa unnið við framkvæmdirnar sem lokið verður við á næstu dögum.

## Færðu HP augnþrýstimæli að gjöf

Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum, Framsýn, Starfsmannafélag Húsavíkur og Þingið n samstarfi við útibú Íslandsbanka á Húsavík færðu Heilbrigðisstofnun Þingeyinga veglega gjöf í desember. Um er að ræða ICARE augnþrýstimæli. Nýja tækið kemur í staðinn fyrir úrelt tæki sem er orðið yfir 20 ára gamalt. Tækið kostar tæpar 800 þúsund krónur.



ICARE pro tonometer er notaður til að mæla augnþrýsting en hækkaður augnþrýstingur er eitt helsta einkenni gláku. Tækið er auðvelt í notkun, rannsóknin er fljótleg og einföld fyrir sjúklinginn og gerir starfsfólki kleift að greina hækkaðan augnþrýsting. Líkur á gláku aukast með hækkuðum aldri og einnig eru auknar líkur á gláku ef um ættarsögu er að ræða. Tækið mun auðvelda greiningu gláku á frumstigi og þannig koma í veg fyrir alvarlega fylgikvilla gláku s.s. skerta sjón eða jafnvel blindu.

Nýi augnþrýstimælirinn kemur í staðinn fyrir gamalt tæki.



Formaður Framsýnar, Aðalsteinn Á. Baldursson, gerði grein fyrir gjöfinni og kom inn á mikilvægi Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga fyrir samfélagið. Með honum á myndinni eru, Höskuldur Skúli Hallgrímsson útibústjóri Íslandsbanka á Húsavík, Jónas Kristjánsson formaður Þingiðnar, Stefán Stefánsson formaður STH og Jón Helgi Björnsson sem tók við gjöfinni fyrir hönd HP. Eins og sjá má braust út mikil gleði þegar gjöfin var afhent.

## Hverjir geta kosið?

Ef þú tekur laun samkvæmt kjarasamningi Stafsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins eða eftir kjarasamningi Landssambands íslenskra verslunarmanna og Samtaka atvinnulífsins á hinum almenna vinnumarkaði ertu með atkvæðisrétt.

## Boðið upp á jólatertur

Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum færðu heilmilsmönnum á Hvammi og á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga tertur í tilefni jóla. Að sjálfsgöðu voru bæði starfsmenn, sjúklingar og heilmilsmenn ánægðir með glaðninginn fyrir jólin.



Vá!!!!, Björk og Klöru sem voru við störf í Skógarbrekku leist vel á tertuna. Þess má geta að Öldrunardeild Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga hefur fengið nýtt nafn; Skógarbrekka.



Steina Völundar var einnig á vakt í Skógarbrekku. Hún var hress að vanda og greinilega farin að biða eftir jólinum.



Þorsteinn Baldursson sem er heilmilismaður á Hvammi tók við tertunni og spurði auk þess mikið út í veðrið og færðina enda áhugaður um veðráttuna.

## Greiðandi félagsmenn 2.145

Á síðasta ári greiddu 2.145 einstaklingar félagsgjöld til Framsýnar sem er svipaður fjöldi milli ára. Kynjaskiptingin er eftirfarandi, karlar 1077 og konur 1068. Auk þess eru um 300 manns gjaldfrjálsir félagsmenn, það eru aldraðir og öryrkjar sem voru félagsmenn þegar þeir fóru á örorku eða eftirlaun. Þessir aðilar halda áfram aðild að félaginu.



Rúmlega tvö þúsund manns greiða félagsgjöld til Framsýnar samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum um áramótin.

## Setið á námskeiði

Um 30 starfsmenn frá fiskvinnslufyrirtækjunum Vísi, Reykfisk og GPG á Raufarhöfn hafa síðustu daga setið á 40 stunda kjarasamningsbundnu fiskvinnslunámskeiði. Kennt er á Húsavík og Raufarhöfn í umsjón Þekkingarnets Þingeyinga sem sér um skipulagninguna. Á námskeiðinu er farið yfir ýmsa þætti er varða störf við fiskvinnslu s.s. gæðamál, markaðsmál, vinnuverndarmál, atvinnulífið og kjaramál. Meðal leiðbeinenda á námskeiðinu eru fulltrúar frá Framsýn sem kenna efni er varða atvinnulífið, launafólkið og fyrirtækin. Þeir sem ljúka námskeiðinu fá tveggja launaflokka hækkun. Þá eiga starfsmenn rétt á framhaldsnámskeiði



Menn eru alltaf ánægðir með að fá húfur frá Framsýn að gjöf.

sem gefur þeim að auki tvo launaflokka. Starfsmenn geta því fengið allt að fjóra launaflokka fyrir setu á námskeiðunum. Rétt er að taka fram að fiskvinnslufólk á rétt á þessu námskeiði á fyrsta starfsári sínu hjá fiskvinnslufyrirtækjum og ber fyrirtækjunum að tryggja það að námskeiðin séu haldin.



Nánast á hverju ári standa fiskvinnslufyrirtækin á félagssvæði Framsýnar fyrir námskeiðum fyrir starfsmenn. Hér má sjá starfsmenn frá Vísi og Reykfiski á Húsavík á námskeiðinu sem lauk fyrir síðustu helgi.



GPG-Fiskverkun á Raufarhöfn er stórhuga um þessar mundir og hefur aukið starfseminu á staðnum sem kallar á fleiri starfsmenn. Fyrirtækið bauð nýjum starfsmönnum að taka þátt í 40 stunda fiskvinnslunámskeiði í síðustu viku.



Eins og sjá má voru menn ánægðir með fiskvinnslunámskeiðið á Raufarhöfn. Hér er Anna Romanska trúnaðarmaður starfsmanna sem jafnframt var túlkur á námskeiðinu með Marek Sobolewski sem nýlega hóf störf hjá GPG

## Jólagleði í Mývatnssveit

Þegar blaðamaður heimasíðu stéttarfélaganna bar að garði í Reykjahliðarskóla í Mývatnssveit fyrir jólin voru nemendur og starfsmenn í óða önn að skera laufabrauð. Laufabrauðsgerð og laufabrauðsskurður er gömul hefð og leggja Mývetningar áherslu á að varðveita þessa nytsamlegu og skemmtilegu þjóðmenningu. Í Reykjahliðarskóla skera nemendur laufabrauðskökurnar með hníf en nota ekki hjálpartæki s.s. laufabrauðshjól. Því verður hver kaka sannkallað persónulegt listaverk. Laufabrauðgerðin er hluti af jólabema sem stendur yfir í skólanum. Skipulega er tekist á við ýmis verkefni tengd jólum s.s. bakstri og kökugerð, smíðum og matargerð. Þemadögum lýkur síðar með heljarinis kvöldverði, þar sem nemendur, starfsmenn skólans og foreldrar gera sér glaðan dag.



## Ódýrir bílaleigubílar

Stéttarfélagin í Þingeyarsýslum eru með samning við Bílaleigu Húsavíkur um afslátt fyrir félagsmenn á bílaleigubílum á höfuðborgarsvæðinu. Frekari upplýsingar er hægt að fá hjá Bílaleigu Húsavíkur eða á Skrifstofu stéttarfélaganna.

## Ari Páll formaður Siðanefndar



Siðanefnd kom saman til fundar fyrir jólin og skipti með sér verkum. Ari Páll Pálsson starfsmaður Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga var kjörinn formaður Siðanefndar Framsýnar.

Á síðasta aðalfundi Framsýnar voru siðareglur samþykktar fyrir Framsýn. Siðareglurnar ná til félagsmanna sem gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið s.s. í stjórnun, nefndum og ráðum svo og aðra þá sem koma fram fyrir hönd félagsins og gegna trúnaðarstörfum fyrir Framsýn. Reglurnar eiga einnig við um starfsmenn félagsins. Ákvæði siðareglna félagsins eiga við hvort heldur fulltrúi Framsýnar þiggur laun fyrir störf sín eða ekki. Hlutverk siðanefndar er að taka fyrir og úrskurða um kærur sem henni berast um brot á Siðareglum Framsýnar.

## Nýja húsnæðið komið í notkun

Þar sem fundarsalur stéttarfélaganna verður upptekinn í janúar hefur bráðabyrgða fundaraðstöðu verð komið upp á efri hæðinni þar sem stéttarfélagin eru til húsa að Garðarsbraut 26. Stéttarfélagin keyptu húsnæðið á síðasta ári. Gengið er inn í húsnæðið við hliðina á Fatahreinsun Húsavíkur. Það fór vel um stjórn og trúnaðarmannaráð sem fundaði í húsnæðinu í síðustu viku.



# Nýttu þér skemmtileg vildartilboð í Appinu



Skannaðu kóðann  
til að sækja eða  
uppfæra Appið.



Vildarþjónusta

## Spennandi tilboð og afsláttarkjör

Viðskiptavinir í Vildarþjónustu Íslandsbanka geta nálgast yfirlit yfir tilboð og afsláttarkjör frá fjölmörgum fyrirtækjum um land allt í Íslandsbanka Appinu.

Í Vildarþjónustunni nýtur þú betri kjara og safnar frjálsum Íslandsbankapunktum með fjölbreyttum viðskiptum.

**Njóttu þess að vera í Vildarþjónustu Íslandsbanka og fylgstu með frábærum tilboðum í Appinu og á [islandsbanki.is](http://islandsbanki.is)!**



Við bjóðum  
góða þjónustu









